

# Skýrsla Húsnefndar 2024

Verksvið Húsnefndar er að annast rekstur íþróttamannvirkja félagsins í samráði við félagsstjórn. Húsnefnd hélt 2 fundi á starfsárinu.

Rekstur íþróttahússins var með hefðbundnu sniði síðast liðinn vetur og nýting á húsinu var mjög góð.

HL-Stöðin er sem fyrr okkar stærsti leigjandi. Aðrir helstu leigjendur eru Lauganesskóli, Hring sjá, Waldorfskólinn og Fjölmennt. Þá er jafna mikil aðsókn í lausa tíma á kvöldin og um helgar. Félagið sjálf nýtir ca. fjórðung æfingatíma í húsinu. Má segja að salurinn sé fullnýttur frá því kl 8:30 að morgni til kl 10:00 að kvöldi alla virka daga. Og þreksalurinn er einnig vel nýttur.

Skötuveisla var engin haldinn þennan vetur og söknuðu færri en við hugðum.

Helstu viðhaldsverkefni ársins voru:

- Loftræstikerfi var yfirfarið og lagað. Skipt var um rakatæki fyrir samstæðu og handtæki og einnig allar síjur.
- Unnið var við rafkerfi. Ljós voru endurnýjuð á skrifstofu og neyðarlýsing lagfærð.
- Skipt var út túðum á þaki og rennur og flasningar endurnýjaðar.
- Hljóðkerfið og myndavélakerfi voru lagfærð.
- Þá var þvottahúsi snúið um 90 gráður, listi settur framn við þvottavél til að hindra vatnsflæði og reykskynjari settur þar í loftið.

Framundan er áframhaldandi viðhald.

- Það þarf að laga og jafnvel endurnýja blásara í salnum. Þar er farin lega.
- Blái liturinn á bílastæðinu er til vandræða. Liturinn brotnar allur upp og berst inn í hús. Það eru komnar upp hugmyndir um aðra útfærslu á merkingum á stæðum fyrir hjólastólafólk. Þær verða væntanlega útfærðar í sumar.

Síðla nætur aðfaranótt Föstudagsins langa nam öryggiskerfi hússins vatnsleka í húsinu. Sprungið hafði elementt við hitablásara. Sem betur fer tókst að bregðast við áður en stórtjón varð en starfsmaður var vakinn upp um hánótt til þess að

loka fyrir vatnið og kalla þurfti slökkvilið á staðinn til að dæla upp vatni. Tjón varð sem betur fer sáralítið.

Fastir starfsmenn íþróttahússins voru sl. vetur þau Ingólfur Arnarson, Heiðar Sigurjónsson, Þröstur Steinþórsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Brynjar Þór Arnarson. Þá sinnti Jón Örn Ingólfsson afleysingum.

Vil ég fyrir hönd húsnefndar og félagsstjórnar þakka þeim fyrir vel unnin störf.

Í húsnefnd sátu Guðmundur Pétursson, Ísleifur Bergsteinsson, Reynir Kristófersson og Heiðar Sigurjónsson.

Varamenn voru Þröstur Steinþórsson, Jón Þorgeir Guðbjörnsson og Garðar Hallgrímsson

Varamenn eru boðaðir á fundi Húsnefndar. Þá sitja formaður félagsins og framkvæmdastjóri einnig fundi Húsnefndar.

Ég vil þakka þessu fólki öllu ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Fh. Húsnefndar ÍFR

Óskar Elvar Guðjónsson formaður